

- Endurákvörðun aðflutningsgjalda
- Málsmeðferð áfátt

Úrskurður nr. 13/1997

**Kærandi krafðist þess að endurákvörðun tollstjóra á tollflokkun 15 sendinga af tölvumyndvörpum, sem kærandi hafði flutt til landsins í svokallaðri SMT meðferð, yrði felld úr gildi vegna þess að henni hefði ekki fylgt neinn rökstuðningur. Ríkistollanefnd féllst á það með kæranda og ríkistollstjóra að endurákvörðunin hafi ekki verið rökstudd með þeim hætti sem lög gera ráð fyrir. Þegar af þeirri ástæðu var málinu vísað til tollstjóra til löglegrar meðferðar.**

Lög nr. 55/1987, 99. gr. 1. mgr. 1. másl., 99. gr. 4. mgr., 101. gr., 142. gr.

Lög nr. 37/1993, 1. gr., 2. gr., 21. gr. 4. mgr., 22. gr., 22. gr. 1. mgr., 2. mgr.

Með bréfi, dags. 16. september 1997, sem barst nefndinni 17. s.m., kærir X hf., endurákvörðun tollstjóra frá 12. júlí sl. Í hinni kærðu endurákvörðun er umbjóðandi kæranda krafinn um 8.261.590 kr. án vaxta, vegna rangrar tollflokunar á tölvumyndvörpum. Krafist er leiðréttingar tollflokunar á 15 sendingum. Kærandi krefst þess að endurákvörðunin verði felld úr gildi. Í bréfi hans til nefndarinnar rekur hann forsögu málsins. Þar kemur m.a. fram að allt til þess tíma að ríkistollanefnd kvað upp úrskurð 1/1995 um tollflokkun á tölvumyndvörpum hafi verið uppi deildar meiningar um hvar tollflokka ætti vöruna. Úrskurðurinn var á þá leið að flokka bæri vöruna í tollskrárnúmer 8528.1009. Undirnúmerið 1009 var úrskurðað á þeim tíma á þeim grunni að ekki var til sérgreint númer í tollskrá fyrir búnað sem þennan og var því flokkurinn valinn samkvæmt þeirri almennu túlkunarreglu tollskrár að þegar tvö númer koma til greina og ekki er hægt að greina á milli, ber að velja síðara númer viðkomandi kafla. Umbjóðandi kæranda vildi ekki una þessari niðurstöðu og hann ásamt öðrum innflytjendum sambærilegra tækja fengu fulltingi B til þess að ná fram breytingu á tollmeðferð á myndvörpum. Úrskurði ríkistollanefndar var ekki mótmælt sem röngum, heldur var knúið á um skýrari og sanngjarnari reglur, en ljóst var að tollskrá hafði ekki haldið í við örar tæknibreytingar á þessu sviði. Ráðuneytið kom til móts við óskir innflytjendanna með þeim hætti að tollskránni var breytt og tekið upp sjálfstætt númer fyrir tölvumyndvarpa 8528.3001. Að fenginni þessari breytingu þótti innflytjendum ekki leika nokkur vafi á því hvar tollflokka bæri vöruna. Það hefði verið að bera í bakkafullan lækinn að leita eftir bindandi álitu tollstjóra um tollflokkun skv. 142. gr. tollalaga í ljósi forsögu málsins. Því hafi umbjóðandi kæranda verið í góðri trú þegar hann hóf innflutning vörunnar undir tollskrárnúmeri 8528.3001 eftir að lagabreytingin átti sér stað. Fluttar voru inn 15 vörusendingar í svokallaðri SMT meðferð. Þá segir svo í kærinni: „Krafa mín er sú að endurákvörðun tollstjórans dags. 21. júlí, sl., verði felld úr gildi. Rökin að baki kröfunni má greina í þrennt, í fyrsta lagi að ekki hafi verið staðið formlega rétt að ákvörðuninni, í öðru lagi að hún sé efnislega röng og loks að sanngirnirök og eðli máls leiði til sömu niðurstöðu.“

Kröfur sínar rökstyður kærandi með því að benda á að endurákvörðuninni hafi ekki fylgt neinn rökstuðningur, eins og klárlega sé þó lögboðið í 4. mgr. 99. gr. tollalaga, og því telji hann að þegar af þeirri ástæðu beri að fella hina kærðu endurákvörðun úr gildi. Kærandi telur jafnframt að tollflokkun sín hafi verið rétt. Hann getur þess að til að myndvarpan geti tollflokkað í tollnúmer 8528.3001 þurfi hún að uppfylla þrjú skilyrði, þ.e. að tækið sé fyrir 15 MHz bandvídd eða meira, hún sé án viðtækja (tuners) og vera tengjanleg gagnavinnsluvélum. Fluttar hafi verið inn 9 gerðir af myndvörpum, sem allar uppfylli ofangreind skilyrði. Þá segir að umbjóðandi kæranda hafi verið í góðri trú um það hvar tollflokka bæri vöruna. Ef endurákvörðunin yrði staðfest ylli það honum verulegu fjárhagstjóni sem hann hafi ekki nokkur tók á að bæta sér, þar sem kaupendur vörunnar verði ekki krafðir um viðbótargjöld. Þó ljóst sé að hans mati að fyrir liggja almenn heimild til að beita endurákvörðun gjalda allt að 6 ár aftur í tímann þegar um er að ræða svokallaða SMT meðferð, hljóti slík beiting heimildarinnar þó fyrst og fremst að miðast við svikatilvik. Þá bendir hann á að það sé með öllu andstætt nútíma hugmyndum manna um beitingu og hlutverk stjórnsýslunnar í réttarkerfinu og allra kennisetninga stjórnarfarsréttarins að stjórnsýslan geti sent gjaldendum innflutningsgjalda bakreikning nema til þess liggja þung rök og ríkir hagsmunir. Slík beiting ýtrustu úrræða og heimilda, algerlega án skoðunar á sérstökum atvikum hvers máls, er að hans mati ekki aðeins siðlaus, heldur einnig ólögæt. Ítrekar hann síðan þá kröfu að jafnvel þótt nefndin komist að þeirri niðurstöðu að sjálf tollflokkunin hafi verið röng, beri allt að einu að fella hina kærðu endurákvörðun úr gildi með vísan til meginreglna laga, sanngirni og eðli og atvik máls.

Ríkistollanefnd sendi ríkistollstjóra kærana til umsagnar með bréfi, dags. 29. september s.l. Í kröfugerð ríkistollstjóra, dags. 14. október s.l., gerir hann þá aðalkröfu að hin kærða endurákvörðun verði felld úr gildi og að málinu verði vísað aftur til tollstjóra til löglegrar meðferðar þar sem endurákvörðunin fullnægi ekki lagaskilyrðum, sbr. 4. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987 og 4. mgr. 21. gr., sbr. 22. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Bendir hann á að tollstjóri hafi ekkert fjallað um þær röksemdir, sem X hafi fært fram í málinu. Ekki sé heldur vitnað til lagaheimilda fyrir endurákvörðun gjalda. Til vara krefst ríkistollstjóri að endurákvörðunin verði felld úr gildi þar sem efnislega sé niðurstaða tollstjóra röng. Umræddir myndvarpar séu sambærilegir við myndvarpa, sem fjallað var um í úrskurði ríkistollanefndar nr. 9/1997. Samkvæmt honum flokkist myndvarparnir í tollskrárnúmer 8528.3001.

Ríkistollanefnd hefur fjallað um málið á fundum og kynnt sér þau gögn, sem lögð hafa verið fram. Eins og rakið er hér að framan er aðalkrafa kæranda sú að endurákvörðun tollstjóra verði felld niður og að málinu verði vísað frá nefndinni, þar sem

tollstjóri hafi ekki gætt ákvæða 4. mgr. 99. gr. tollalaga um að rökstyðja endurákvörðunina. Á sama hátt er aðalkrafa ríkistollstjóra á þá lund að málinu verði aftur vísað til tollstjóra til löglegrar meðferðar, þar sem umræddur áskilnaður 99. gr. tollalaga um rökstuðning hafi ekki verið virtur.

Samkvæmt 1. másl. 1. mgr. 99. gr. tollalaga skal endurákvörðun aðflutningsgjalda rökstudd þannig að ljóst megi vera á hvaða forsendum ákvörðunin er byggð. Hér er efnislega um sama ákvæði að ræða og finna má í 4. mgr. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 en þar er mælt fyrir um að úrskurðum í kærumálum skuli ávallt fylgja rökstuðningur. Í stjórnslulögum er m.a. að finna almennar málsmeðferðarreglur, sem gilda skulu við stjórnslu ríkisins, enda geymi önnur lagaákvæði ekki strangari málsmeðferðarreglur, sbr. 1. og 2. gr. stjórnslulaga. Samkvæmt 1. mgr. 22. gr. stjórnslulaga skal vísa til þeirra réttarreglna, sem ákvörðun stjórnvalds er byggð á samkvæmt 2. mgr. 22. gr. þegar ástæða er til. Í rökstuðningi skuli einnig rekja í stuttu máli upplýsingar um þau málsatvik, sem höfðu verulega þýðingu við úrlausn málsins.

Í bréfi tollstjórans frá 21. júlí 1997 um hin endurákvörðuðu aðflutningsgjöld segir einungis að embættið hafi „endurákvæðað aðflutningsgjöld á fyrirtækið vegna innflutnings á myndvörpum. Endurákvörðun embættisins er byggð á almennum reglum um túlkun tollskrá nr. 1.“ Þótt viðurkenna verði þá meginreglu að rökstuðningur skuli vera stuttur verður hann að mati nefndarinnar að vera svo greinargóður að líklegt sé að aðili máls geti skilið af lestri hans hvers vegna niðurstaða málsins hafi orðið sú sem raun varð á. Í ofangreindum úrskurði tollstjóra er hvorki greint frá því hvaða lagaheimild endurákvörðunin byggir á né er þar vikið á nægilega nákvæman hátt hvar hinar almennu túlkunarreglur tollskrárlaga sé að finna og hvert efni þeirra er. Þá er ekki á neinn hátt vikið að eða fjallað um ítarlegar röksemdir kæranda í málinu. Að mati nefndarinnar verður því að fallast á það með kæranda og ríkistollstjóra að endurákvörðunin sé ekki rökstudd með þeim hætti, sem lög gera ráð fyrir og því beri þegar af þeirri ástæðu að vísa málinu til tollstjóra til löglegrar meðferðar.

Samkvæmt framanrituðu kveður ríkistollanefnd upp svofelldan úrskurð:

Með vísan til 101. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum úrskurðar ríkistollanefnd að hin kærða endurákvörðun er felld úr gildi og málinu vísað aftur til tollstjóra til löglegrar meðferðar.